

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. september 2017 breytingu á deiliskipulagi stofn-
anareits sem nær til lóðar Brekkubæjarskóla og íþróttahúss við Vesturgötu 120-130.

Í breytingunni felst að byggingarreitur austan við núverandi íþróttahús er stækkaður fyrir nýtt
fimleikahús. Hæð nýbyggingar verður sú sama og á núverandi íþróttahúsi, hámarksviðbótarbygg-
ingarmagn verður 1.670 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,42 í 0,50.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 13. október 2017.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2017